

Skólaráð Naustaskóla

5. fundur ársins 2009 þann 2. júní kl. 16:30 að Glerárgötu 26

Mættir: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir, Jón Stefán Baldursson, Sara Stefánsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Erla Rán Kjartansdóttir, Sunna Guðmundsd..

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Útlit og horfur. Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi framkvæmdir við húsnæðið og undirbúning skólastarfsins. Framkvæmdum miðar bærillega og er enn stefnt að því að verktaki afhendi húsið upp úr miðjum júlí. Stærstur hluti húsgagna í skólann verður smíðaður af SS-Byggi en samið var við þann aðila um verkið að undangenginni verðkönnun. Innrituðum nemendum við skólann fjölgar enn og stefnir yfir 140. “Starshelgi” var hjá kennurum skólans 16.-17. maí sl. þar sem byrjað var að leggja með þeim línurnar fyrir skólastarfið. Opið hús í skólanum var 17. maí og kom mikill fjöldi foreldra og nemenda til að skoða húsið. Þá var kynningarfundur fyrir nemendur varðandi 1. bekkjar og foreldra þeirra þann 17. maí.
2. Ráðningar starfsfólks. Umsóknarfrestur um öll störf við skólann er nú runninn út og skólastjóri er að vinna úr umsóknum og taka viðtöl við umsækjendur. Stefnt er að því að niðurstaða í ráðningarmálum liggi fyrir ekki síðar en um miðjan júní og þá verði starfsmannahópurinn fullskipaður! Skólaráði var kynnt nánar staða mála.
3. Vorhátíð Naustahverfis, verður haldin 11. júní nk. Opið hús verður í skólanum af því tilefni.
4. Merki skólans. Kynnt hugmynd að “logoi” fyrir skólann. Fram komu hugmyndir að frekari útfærslu sem unnið verður með.
5. Skólanámskrá / starfsáætlun. Skólastjóri kynnti lítillega drög að starfsáætlun fyrir skólann, ritið verður sent skólaráðsfulltrúum til yfirlestrar og athugasemda en það hefur í raun að geyma þann grunn að stefnumótun sem lagður hefur verið fyrir skólann.
6. Frístund – gjaldskrá o.fl. Rætt um breytingar á gjaldskrá frístundar, breytingar á opnunartíma o.fl.

Fleira ekki tekið fyrir

Ágúst ritaði fundargerð.